

398. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. febrúar 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Patryk Zolobow
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 12. lið, fundargerð 198. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. janúar 2026. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) **Hollvínafélag Pakkhússins.**

Jenný Guðmundsdóttir mætti á fundinn og var boðin velkomin. Fylgdi hún eftir erindi Hollvínafélagsins varðandi sýningu í Pakkhúsinu í sumar, en Hollvínafélagið hefur fengið styrk frá Uppbyggingasjóði Vesturlands, að upphæð kr. 500.000.- vegna sýningar um verslunarsögu Ólafsvíkur. Tillaga kom frá oddvitum beggja listanna um að veita Hollvínafélaginu afnot af neðstu hæð Pakkhússins á tímabilinu 1. apríl – 1. október 2026 til sýningarhalds, svo framarlega sem ekki verði hreyft við sýningunni sem er á 2. og 3. hæð hússins. Jafnframt kom tillaga um að styrkja verkefnið um sömu upphæð og Uppbyggingarsjóðurinn, eða kr. 500.000.-, ef af sýningunni verður.

Voru tillögurnar samþykktar samhljóða.

Vék Jenný nú af fundi og var henni þökkud koman.

2) **Ungmennaráð Snæfellsbæjar.**

Á fundinn mættu Hrefna Jónsdóttir, Hanna Líf Kristgeirsdóttir, Arnar Valur Matthíasson, Adrian Pienkowski, Emilía Hall Stígisdóttir og Kristján Mar Yilong Traustason úr ungmennaráði, ásamt Halldóru Unnarsdóttur, umsjónarmanni ungmennaráðs.

Ungmennaráð fór yfir ýmsa punkta sem þeim finnst að gera mætti í bæjarfélaginu. Mikið af flottum hugmyndum kom fram og eins hefur ungmennaráð staðið fyrir ýmsum viðburðum, t.d. íþróttamóti í desember. Einnig er búið að skipuleggja páskabingó í vor. Eftir gott spjall vék ungmennaráð af fundi og var þeim þökkud koman.

Bæjarstjórn var sammála um að það sé nauðsynlegt að fá ungmennaráð reglulega inn á fund bæjarstjórnar, þau kæmu inn með áhugaverðar hugmyndir og sjónarhorn sem mikil þörf væri á að taka tillit til.

3) **Velferðarnefnd Snæfellinga.**

Ingvaldur Eyþórsdóttir, forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga mætti á fundinn og ræddi nefndir sem falla undir félags- og skólaþjónustuna. Lagði hún til að velferðarnefndir hver sveitarfélags fyrir sig yrðu lagðar niður og stofnuð yrði ein velferðarnefnd fyrir svæðið sem stýrt yrði af Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Bæjarstjórn samþykkti að senda erindi til Grundarfjarðarbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Sveitarfélagsins Stykkishólms og leggja það til að velferðarnefndir sveitarfélaganna verði færðar undir Félags- og skólaþjónustuna.

Vék Ingvaldur af fundi og var henni þökkud koman.

4) **Frístundasvæði á Hellissandi.**

Gunnþóra Guðmundsdóttir mætti á fundinn í gegnum Teams og kynnti fyrir bæjarfulltrúum hugmyndir að frístundasvæði á Hellissandi. Bæjarstjórn þakkaði kynninguna og samþykkti að fela Gunnþóru að útfæra hugmyndirnar betur. Jafnframt var samþykkt að bæjarstjórn færi í vettvangsferð

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including "GPF", "MS", "AU", "PZ", "BH", and "SJ"]

um svæðið með umhverfis- og skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa fljótlega. Vék Gunnþóra nú af fundi.

- 5) **Fundargerð 363. fundar bæjarráðs, dags. 21. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 19. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð menningarnefndar, dags. 3. febrúar 2026.**
Varðandi 4. lið fundargerðarinnar, þá samþykkti bæjarstjórn að fela menningarnefnd að koma með hugmyndir um það hvernig nefndarmenn sjá fyrir sér hlutverk nefndarinnar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkominni athugasemd.
- 8) **Fundargerð stýrihóps um gerð nýrrar menntastefnu, dags. 12. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 9) **Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 26. nóvember, 5. og 6. desember 2025 og 28. janúar 2026.**
Fundargerðinar samþykktar samhljóða.
- 10) **Fundargerð 152. fundar hafnarstjórnar, dags. 31. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 11) **Fundargerð 32. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 27. janúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Fundargerð 198. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags., 30. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 13) **Fundargerð 239. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 12. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Fundargerð 476., 477. og 478. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. október, 18. nóvember og 3. desember 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Fundargerð 479. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. janúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. janúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 17) **Fundargerð 88. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 21. janúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Bréf frá Atlantsflugi ehf., dags. 2. febrúar 2026, varðandi hvatningu til umsagnar um þingsályktunartillögu um staðsetningu þyrilu Landhelgisgæslunnar.**
Lagt fram til kynningar.
- 19) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2025.
 - b) Bæjarstjóri sagði frá mögulegum fundi með starfsmönnum SÍS þann 3. mars n.k.
 - c) Bæjarstjóri sagði frá því að hann hefur verið í sambandi við HVE varðandi læknamál í sveitarfélaginu. Mun bæjarstjórn funda með forsvarsmönnum HVE síðar í mánuðinum.
 - d) Bæjarstjóri sagði frá nýju kerfi á gámastöðinni sem tekið var í notkun 1. febrúar.
 - e) Bæjarstjóri sagði frá því að það hafi verið að steypa gangstéttir núna í janúar og febrúar.


Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "FS", "MS", "PZ", and "BTH", along with a signature that appears to be "Ari".

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:37


Auður Kjartansdóttir


Björn H Hilmarsson



Margrét Sif Sævarsdóttir



Jónína Björg Óttarsdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Olafardóttir, bæjarritari